

**Til:** Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra

**Afrit til:** Þórhalls Arasonar, Sólveigar Pétursdóttur og Hrafns Hlynssonar

**Efni:** Áformuð eyðilegging ómetanlegra menningarminja með skógrækt í Ólafsdal

Selfossi 4. maí 2023

Félagið Vinir íslenskrar náttúru (VÍN) er samtök vísinda- og fræðafólks, náttúruverndarfólks og fulltrúa helstu náttúruverndarsamtaka landsins (sbr. meðfylgjandi skrá yfir stofnfélaga), en félagar nú eru rúmlega 60. Félagið var formlega stofnað á sl. ári en hópurinn hefur starfað saman lengur. Hlekkur á vef félagsins er: <https://natturuvinir.is/> Tilgangur félagsins er að fjalla um náttúruverndarmál líðandi stundar. Ísland er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi um náttúruvernd, vernd líffræðilegrar fjölbreytni, landslags og náttúruauðlinda. Skyldur þjóðarinnar á þessu sviði eru margvíslegar, sem endurspeglast í íslenskri löggjöf. Starfsemi VÍN tekur mið af þessum alþjóðlegu skuldbindingum og íslenskri löggjöf um náttúruverndarmál í umfjöllun sinni. VÍN leggur áherslu á að veita aðgang að faglegu og vönduðu efni sem byggt er á vísindalegum grunni og kynna þau náttúruverndarmál sem efst eru á baugi hverju sinni.

Félagið leggur m.a. áherslu á að koma í veg fyrir skaðleg áhrif ágengra og framandi tegunda í íslenskri náttúru; neikvæð áhrif þeirra á lífríki, menningarminjar, jarðminjar og ásýnd landsins og mótar tillögur til úrbóta.

Vinum íslenskrar náttúru bárust nýlega upplýsingar um að hafnar væru framkvæmdir á vegum Minjaverndar, félags í eigu ríkisins (38,27%), Reykjavíkurborgar (38,27%) og Minja, sjálfseignarstofnunar (23,46%), til að undirbúa skógrækt í Ólafsdal í Döllum. Verkefnið er langt komið, búið að girða af land, breyta deiliskipulagi og fá vilyrði fyrir framkvæmdaleyfi. Þetta hefur gerst þrátt fyrir harðorð mótmæli Ólafsdalsfélagsins, Fornleifastofnunar Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Minjastofnunar Íslands, sem öll hafa varað við óafturkræfum verulegum neikvæðum áhrifum á menningarminjar, sögu og ásýnd svæðisins. Hvatinn að þessu skógræktarverkefni er mjög óskýr og óskiljanlegur, sérstaklega í ljósi þess hversu alvarlegar afleiðingarnar verða að mati þeirra sem vilja varðveita Ólafsdal með náttúru staðarins, menningarminjar og sögu að leiðarljósi (sjá umsagnir fyrrnefndra aðila). VÍN er sammála þessum samtökum sem hafa varað við þessum framkvæmdum og mótmælt þeim og skilur ekki afstöðu Skipulagsstofnunar til málsins.

Í stofnsamþykktum Minjaverndar segir, “tilgangur félagsins er að stuðla að varðveislu mannvirkja og mannvistarleifa hvarvetna á Íslandi í víðtækasta skilningi”. Í reynd hefur aðalverksvið félagsins falist í að stuðla að og standa fyrir endurbyggingu gamalla húsa. Verkefni félagsins til þessa eru komin á 8. tug, bæði innan Reykjavíkur sem og á landsbyggð. Mörg verið til fyrirmyndar eins og t.d. franska sjúkrahúsið á Fárskrúðsfirði. Ánægja virðist líka vera með aðkomu Minjaverndar að varðveislu húsakosts í Ólafsdal, en ekki með þessi undarlegu skógræktaráform félagsins. Óljóst er hvernig þetta sértæka skógræktarverkefni á ríkisjörð samræmist tilgangi félagsins, sem er í eigu ríkisins, Reykjavíkurborgar og Minjar, sjálfseignarstofnunar. Hver eru rökin fyrir þessum framkvæmdum sem réttlæta fyrirsjáanlegan fórnarkostnað? Og án nokkurs samráðs við Ólafsdalsfélagið eða Minjastofnun sem hefur umsjón með menningarminjum staðarins.

Stjórn VÍN, Vina íslenskrar náttúru, óskar eftir að fá fund með fjármálaráðherra og fulltrúum fjármálaráðuneytisins í Minjavernd um þetta mál eins fljótt og verða má. Félagið er til reiðu búíð að veita ráðgjöf sem byggir á vísindalegri þekkingu félagsmanna á menningarminjum, lífríki landsins og jarðminjum.

Með vinsemd og virðingu,

Sveinn Runólfsson, formaður

Jón Gunnar Ottósson, varaformaður